

II.

Ákvæði laga þessara hagma ekki samþykktum reynslusveitarfélaga um framkvæmd vinnumiðlunar. Ákvæði þetta gildir til 31. desember 1999.

Gjört í Reykjavík, 13. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

**um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna,
nr. 19 6. apríl 1966, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsliður 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 133/1993, orðast svo: Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum sammings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt, þjónustustarfsemi eða fjármagnsflutninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál,
nr. 41/1992, með síðari breytingu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.